

Upplýsingar vegna skilnaðar eða sambúðarslita

1. Bóka þarf fund hjá Búseta til að ganga frá eigendaskiptum vegna skilnaðar eða sambúðarslita. Aðilar máls geta komið saman eða í sitthvoru lagi. Hægt er að bóka fundinn á heimasíðu Búseta [hér](#). Smellt er á „Sýna fleiri þjónustur“ og valið „Skilnaður/sambúðarslit“.
2. Á fundinn þarf að koma með gögn frá sýslumanni sem staðfesta skilnaði/sambúðarslit og gögn sem sýna fjárskipti.
3. Ef gögn frá sýslumanni sýna ekki skiptingu á búseturétti þá þurfa aðilar máls að koma með skriflegt samkomulag sín á milli sem staðfestir að sá sem flytur út geri ekki kröfu í búseturéttinn síðar meir. Dæmi um yfirlýsingu má finna undir „Skilnaður eða sambúðarslit“ á vef Búseta.
4. Aðilinn sem tekur búseturéttinn yfir þarf að vera félagsmaður áður en eigendaskiptin fara fram. Hægt er að gerast félagsmaður [hér](#).
5. Ef aðilinn sem flytur út er sá sem fékk íbúðinni úthlutað í byrjun missir hann félagsnúmer sitt skv. samþykktum félagsins.
6. Búseti er ekki milliliður í greiðslusamkomulagi á búseturéttinum milli aðilanna sem eru að skilja. Sá sem verður eftir er almennt að borga hinn út, en það er samkomulag á milli aðilanna sem Búseti kemur ekki að.
7. Ef aðilar eru með virkt Landsbankalán við skilnað þarf sá sem verður eftir að standast greiðslumat o.s.frv. til að taka lánið yfir eða greiða lánið upp.
8. Á fundinum er skrifað aftan á gildandi samning „ósk um aflýsingu“ og rétthafinn skrifar nafnið sitt undir svo hægt sé að aflýsa þeim samningi. Ef gildandi samningur hefur glatast er búin til yfirlýsing um að hann sé glataður og henni síðar þinglýst.
9. Á sama fundi er gerður nýr samningur við þann aðila sem verður eftir í íbúðinni.
10. Ef til skilnaðar kemur í eldri íbúð sem ber svokölluð „tekjumarkslán“, þarf aðilinn sem verður eftir í henni að koma með gögn sem sanna að hann falli undir tekju- og eignamörk. Þetta eru launaseðlar síðustu 6 mánaða og afriti af þremur síðustu skattaframtölum. Ef hann er ekki undir tekju- og eignamörkum þarf að breyta lánnum á íbúðinn í „almennt lán“ og búsetugjaldið hækkar í takt við það.
11. Kostnaður vegna þessa er skv. verðskrá og innifelur m.a. alla skjalagerð og þinglýsingakostnað.
12. Ef rafmagnið er á nafni þess sem eftirlætur búseturétt sinn þá þarf nýr búseturéttarhafi að færa rafmagnið yfir á sig.